

Rammasamningur um tannlækningar sjúkratryggðra barna

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi tekur til almennra tannlækninga barna yngri en 18 ára sem eru sjúkratryggð samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Jafnframt tekur samningur þessi til nauðsynlegra tannlækninga barna yngri en 18 ára, annarra en tannréttinga, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma, sbr. III. kafla reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, nr. 698/2010, enda hafi Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) samþykkt umsókn þar um.

Þau tannlæknisverk sem samið er um að unnin séu á grundvelli samnings þessa koma fram í meðfylgjandi aðgerðaskrá og skýringum, sbr. fylgiskjal 2, með þeim takmörkunum sem getið er þar, í samningnum svo og í **rg. nr. 698/2010**. SÍ er heimilt að fella út **eða bæta við** einstökum verkum á aðgerðaskrá ef áherslur yfirvalda heilbrigðismála breytast á samningstímanum, en veita skal tannlæknum hæfilega aðlögun vegna slíkra ákvarðana. Enn fremur er SÍ heimilt að semja sérstaklega við einstaka tannlækna eða fyrirtæki tannlækna um tiltekna þjónustu, jafnvel þó viðkomandi verk séu í aðgerðaskrá samkvæmt samningi þessum.

Samningur þessi nær ekki til vinnu við hóp- og vísindarannsóknir, hverju nafni sem nefnast, þ.m.t. skimun, nema hennar sé sérstaklega getið í aðgerðaskrá.

2. gr. Aðild

Tannlæknar sem hafa tannlæknaleyfi á Íslandi geta sótt um að gerast aðilar að samningi þessum, sbr. umsókn sem er fylgiskjal 3 með samningi þessum. Ef framboð tannlæknaþjónustu reynist meira en þörf er á að mati SÍ er stofnuninni heimilt á grundvelli hlutlægra og málefnalegra sjónarmiða, m.a. staðsetningar tannlæknastofu, að takmarka aðild að samningnum. Sama á við ef verðlagning tannlæknis telst óviðunandi að mati SÍ. SÍ er heimilt að synja tannlækni um aðild að samningnum hafi hann í starfi sínu brotið gegn samningum SÍ, gjaldskrárreglum eða ef stofnunin telur rekstur tannlæknis ekki uppfylla faglegar kröfur og önnur skilyrði í lögum. SÍ skulu svara umsókn tannlæknis innan mánaðar frá því hún ásamt nauðsynlegum upplýsingum barst SÍ.

3. gr. Kröfur til tannlæknis

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin á starfsstofu tannlæknis sem fengið hefur staðfestingu landlæknis, sbr. lög um landlækni nr. 41/2007. Tannlæknir ber faglega ábyrgð á verkum sínum og starfsmanna sinna og skal ábyrgjast faglega hæfni þess starfsfólks sem hjá honum starfar, þagnarskyldu þess og þjónustulipurð.

Tannlæknir skal uppfylla faglegar lágmarkskröfur skv. lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Hann skal stunda góða viðurkennda tannlæknisfræði. Starfsstofa skal uppfylla opinberar kröfur.

Tannlæknir skal tilkynna SÍ um breytingar á staðsetningu starfsstofu.

Tannlæknir skal vera **ínáanlegur** í síma **fyrst eftir aðgerð** fyrir **hinn sjúkratryggða**. **Tannlæknir** skal gera **sjúkratryggðum** viðvart í tæka tíð, þurfi hann að breyta viðtalstíma.

Tannlæknir skal gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna við vísun á rannsóknir og lyf og aðra meðferð með hliðsjón af góðri viðurkenndri tannlæknisfræði.

Tannlæknir skal gæta ákvæða laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Tannlæknir skal veita sjúkratryggðum sama aðgang að þjónustu og öðrum sjúklingum og boða tryggða sjúklinga í eðlilegt eftirlit.

Um færslu og varðveislu sjúkraskráa tannlæknis gilda lög um sjúkraskrár nr. 55/2009.

Tannlæknir skal upplýsa **hinn sjúkratryggða** og forráðamann **hans** um tannheilsu **hins sjúkratryggða** og raunhæfa meðferðarkosti. Jafnframt skal hann veita **sjúkratryggðum** upplýsingar um kostnað meðferðar samkvæmt reglum nr. 383/2007 um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna.

Tannlæknir skal ábyrgjast að aðferðir og endingartími efna sé í samræmi við viðurkennda staðla.

4. gr. Þóknun

Verð á umsaminni þjónustu tannlæknis skal tilgreint samkvæmt meðfylgjandi aðgerðaskrá ásamt skýringum, sjá fylgiskjal 2. Það skal miðast við að tannlæknir leggi sér sjálfur til alla nauðsynlega aðstöðu og aðstoð. Öll gjöld og annar kostnaður tannlæknis skal innifalinn.

Tannlæknir innheimtir gjald fyrir tannlæknisverk í samræmi við meðfylgjandi aðgerðaskrá og á grundvelli verðlagningar sem SÍ hafa samþykkt, sbr. fylgiskjöl 2 og 3.

Álag vegna yfirvinnu og helgidagavinnu greiðist ekki, hvorki af SÍ né **hinum sjúkratryggða**. Sé verk ekki í aðgerðaskrá verður það ekki unnið á kostnað SÍ skv. samningi þessum.

5. gr. Kostnaður sjúkratryggðra

Ákvæði reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, nú reglugerð nr. 698/2010, með síðari breytingum, gilda um kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðs vegna tannlæknisverka skv. samningi þessum.

6. gr. Greiðsluþáttaka SÍ

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi **þessum skal gerður sérstakur reikningur, sbr. 8. gr.** og greiða SÍ það sem á vantar að greiðsla sjúkratryggðs skv. 5. gr. nemi fullri þóknun skv. 4. gr.

7. gr. Skráning á tannheilsu

Tannlæknir skal skrá niðurstöður skoðunar sinnar og meðferð í sjúkraskrá barns. Úr þeirri skráningu skal vera unnt að kalla fram upplýsingar um tannheilsu og áhættuflokkun barna, sbr. fylgiskjal 1, sem byggir m.a. á fjölda tanna sem eru með byrjandi tannskemmdir, fjölda tanna sem þarfnast viðgerða, fjölda viðgerðra tanna, fjölda skorufylltra sex- og tólfárajaxla og hvort greina megi **glerungseyðingu** á tönnum viðkomandi barns.

8. gr. Reikningar og greiðslur SÍ

Reikningar skulu sendir beint til SÍ án milligöngu hins sjúkratryggða.

Unnt er að senda reikninga með þrenns konar hætti fram til 1. október 2012. Eftir það skulu reikningar sendir skv. tölulíðum 1 eða 2 hér að neðan:

1. Rafræn skil yfir netið

Tannlæknir sendir reikninga rafrænt yfir netið til SÍ.

2. Rafræn skil á geisladiski eða USB lykli

Tannlæknir sendir geisladisk eða USB lykil til SÍ með gögnum hvers mánaðar. Diskurinn/lykilinn skal vera merktur með nafni tannlæknis, vinnustað og um hvaða tímabil er að ræða.

3. Reikningar á pappír

Fram til 1. október 2012 er tannlækni heimilt að senda reikninga á pappír til SÍ. Þeir skulu vera á stöðluðu formi og skal þar m.a. koma fram nafn og kennitala sjúkratryggðs, hvaða dag læknisverk fór fram, hvaða tannlæknir vann verkið, hvar þjónustan var veitt, við hvaða svæði var unnið, aðgerðaliðir, fjöldi þeirra og verð. Miða skal við þau reikningsform sem almennt eru í notkun fyrir sjúkratryggða við gildistöku samnings þessa. Sjúkratryggður eða aðstandandi hans skal staðfesta reikning með undirskrift sinni og fá afrit reiknings. Tannlæknir skal leggja sér sjálfur til reikningseyðublöð.

Ef reikningar eru sendir rafrænt ber að fara eftir færslulýsingu sem SÍ hafa samþykkt og birt er á heimasíðu stofnunarinnar.

Reikningar á pappír fyrir tannlæknisstörf hvers mánaðar skulu að jafnaði berast SÍ í síðasta lagi 10. dag næsta mánaðar. Greiðslur SÍ skulu berast á bankareikning tannlæknis eða fyrirtækis hans innan 10 daga frá móttökudegi reiknings séu reikningarnir athugasemdalausir. Greiðslur á reikningum sem sendir eru rafrænt yfir netið skulu berast á bankareikning tannlæknis eða fyrirtækis hans innan 5 daga frá móttökudegi reiknings séu reikningarnir athugasemdalausir.

SÍ geta hvenær sem er óskað skriflegra skýringa á reikningi og ber tannlækni að gefa þær. Á meðan ekki hefur fengist fullnægjandi skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings.

Fyrirtækjum sem eru alfarið í eigu tannlækna er við þau starfa skal vera heimilt að senda SÍ reikninga fyrir verk sem unnin eru af tannlæknum sem eru aðilar að samningi þessum. Einstakir reikningar skulu þó eftir sem áður merktir viðkomandi tannlækni. Þessi reikningsskilamáti skal í engu breyta stöðu tannlæknis gagnvart sjúkratrygðum og SÍ.

9. gr. Ábyrgð

Tannlæknir skal kaupa og halda við fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingum hjá viðurkenndu váttryggingafélagi með starfsleyfi á Íslandi og færa sönnur á það ef SÍ óska þess.

Auk almennra reglna um skaðabætur ber tannlæknir ábyrgð á tjóni sem hlýst af ágalla á tækjum hans, sbr. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991.

10. gr. Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar hafa SÍ eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum og heimsóknum á tannlæknastofu. Tannlækni er skylt að veita tannlæknum SÍ, eða eftir atvikum læknum SÍ, þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna lögboðins eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Tannlæknar SÍ, eða eftir atvikum læknar SÍ, skulu hafa aðgang að þeim sjúkraskrá tannlæknis er varða þjónustu hans við hina sjúkratryggðu í samræmi við 4. mgr. 45. gr. laga um sjúkratryggingar.

Landlæknir hefur eftirlit með því að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

11. gr.

Framsál á réttindum eða skyldum

Tannlækni er óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum nema til uppbyggingar skv. samningi þessum og þá aðeins með skriflegu samþykki SÍ.

Tannlækni er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum hans, að hluta eða öllu leyti, nema með skriflegu samþykki SÍ.

Ef tannlæknir fær heimild skv. 2. mgr. breytast í engu skyldur hans gagnvart SÍ nema SÍ hafi samþykkt annað.

12. gr.

Álitamál

SÍ eða tannlæknir geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu.

13. gr.

Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að tannlæknir uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum og heimta bætur fyrir fjártjón af viðkomandi tannlækni. Með sama hætti skal tannlækni heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga um sjúkratryggingar.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur tannlækni er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta hins sjúkratryggða.

14. gr. Verð og verðbreytingar

Tannlæknir skal birta á stofu sinni verð á þjónustu sem hann veitir skv. aðgerðaskrá samnings þessa, sbr. fylgiskjöl 2 og 3. **Gildistími verðskrár og verðbreytinga** miðast við fyrsta **dag** hvers mánaðar og skal ákvörðun um þær liggja fyrir eigi síðar en tuttugasta dag hvers mánaðar á undan **gildistöku**degi.

Fyrirhuguð verðskrá og verðbreytingar tannlæknis skulu tilkynntar til SÍ, sbr. fylgiskjal 3. SÍ geta synjað **verðskrá eða verðbreytingu** frá tannlækni, sbr. 2. gr. og skulu **SÍ** þá tilkynna honum um þá niðurstöðu innan tíu daga. Hafni SÍ verðbreytingu getur tannlæknir litið á það sem uppsögn samnings þessa frá þeim degi sem synjunin er dagsett. **Hafni SÍ verðskrá vegna aðildarumsóknar jafngildir það höfnun á aðild að samningnum.** Kjósi tannlæknir að líta á synjun **verðbreytingar** sem uppsögn samningsins skal hann tilkynna SÍ það sérstaklega innan mánaðar. Uppsögn tekur þá gildi þremur mánuðum eftir dagsetningu synjunar.

Verð og verðbreytingar skulu sendar með rafrænum hætti (**excelskrá**) til SÍ. Fram til 1. október 2012 er þó heimilt að nota eyðublað, sbr. fylgiskjal 3.

15. gr. Dómsmál

Rísi dómsmál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

16. gr. Gildistími

Aðild að samningi þessum gildir frá þeim tíma sem SÍ hafa samþykkt umsókn tannlæknis um aðild að honum, sbr. 2. gr. og fylgiskjal 3. **Aðildinni** má segja upp með þriggja mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót.

17. gr. Fyrirvarar

Fjárhagslegar skuldbindingar í samningi þessum eru með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir í fjárlögum. Komi til lækkunar á fjárveitingu til verkefnisins á fjárlögum frá Alþingi skulu SÍ með minnst þriggja mánaða fyrirvara gera samningsaðilum grein fyrir slíku.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu velferðarráðherra og fjármálaráðherra.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 14. gr. er möguleg gildistaka aðildar að samningnum í fyrstu heimil frá 16. september 2011.

Þegar um er að ræða forvarnarskoðanir þriggja, sex og tólf ára barna er tannlækni sem jafnframt er aðili að rammasamningi um forvarnarskoðanir óheimilt að krefja SÍ um greiðslu fyrir aðgerðaliði 101 og 040 samtímis forvarnarskoðun og aðgerðaliði 003 og 004 samtímis forvarnarskoðun eða á næstu tólf mánuðum eftir hana og aðgerðalið 012 samtímis forvarnarskoðun tólf ára barna eða á næstu tólf mánuðum eftir hana skv. meðfylgjandi aðgerðaskrá til og með 31. desember 2011.

Reykjavík, . ágúst 2011

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Staðfesting velferðarráðherra

Staðfesting fjármálaráðherra

Bókun

Í samræmi við samning þennan og gjaldskrá tannlækni munu SÍ á árinu 2011 greiða að fullu (100%) nauðsynlegar tannlækningar þeirra barna er samþykkt hafa verið af Tryggingastofnun ríkisins í átaksverkefni velferðarráðuneytisins, sbr. reglugerð nr. 408/2011 um tímabundna tannlæknaþjónustu án endurgjalds fyrir börn, og sem ekki tókst að ljúka meðferð á hjá tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Skráning í sjúkraskrá skv. 7. gr. sammingsins

Í sjúkraskrá skal m.a. skrá eftirfarandi upplýsingar, sbr. 7. gr. sammingsins, eftir því sem við á hverju sinni:

- Fjöldi fullorðinstanna með byrjandi tannskemmd,
- fjöldi barnatanna með byrjandi tannskemmd,
- fjöldi skemmdra og viðgerðarþurfi fullorðinstanna,
- fjöldi skemmdra og viðgerðarþurfi barnatanna,
- fjöldi fylltra fullorðinstanna,
- fjöldi fylltra barnatanna,
- fjöldi skorufylltra fullorðinsbakjaxla (6 og 12 ára jaxla),
- hvort glerungseyðing er til staðar eða ekki.

Aðgerðaskrá fyrir tannlækningar sjúkratryggðra barna

Nr. Heiti

Stjórnumerkir aðgerðaliðir endurgreiðast aðeins að undangenginni samþykkt SÍ á umsókn.

Forvarnir og eftirlit.

- 001 Viðtal
- 002 Bráðahjálp
- 003 Skoðun nýs sjúklings
- 004 Áfangaeftirlit
- 005 Tilvísun
- *006 **Umsókn eða áverkavottorð til SÍ**
- *007 Skrifleg meðferðar- og kostnaðaráætlun að ósk SÍ
- 011 Tannrótarmynd
- 012 Bitmynd
- 018 Breiðmynd (OPG)
- 024 Ljósmynd
- *025 **Vinumódel**
- 030 Yfirborðsdeyfing
- 031 Ísíunardeyfing við 1-3 tennur
- 032 Svæðisdeyfing
- 035 Glaðloft og sefun með lyfjagjöf
- 040 Aðlögunarmeðferð
- 052 **Vefjasýni og aðrar rannsóknir**
- 060 Vitjun til sjúklings utan tannlæknastofu
- 101 Fræðsla, leiðbeiningar
- 107 Lyfjahald
- 110 Flúormedferð allra barna
- 118 Flúormedferð barns í áhættuflokki 1 eða 2
- 115 Skorufylla fullorðinsjaxls
- 116 Skorufylla annarra fullorðinstanna hjá barni í áhættuflokki 1 eða 2

Tannfyllingar

- 201 Plast- eða glerblendi, I, III, IV eða V cl.
- 212 Plast- eða glerblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., tveir fletir
- 213 Plast- eða glerblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., þrír fletir
- 214 Plast- eða glerblendi í jaxl eða forjaxl, fleiri en þrír fletir
- 231 Silfurblendi, I eða V cl.
- 232 Silfurblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., tveir fletir
- 233 Silfurblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., þrír fletir
- 235 Silfurblendi í jaxl eða forjaxl, fleiri en þrír fletir
- 245 Bráðabirgðafylling
- 250 **Rýmishaldari**
- *251 **Spelkun tanna**

- 257 Tannbeinsstifti
- 258 Stöðluð plast- eða stálkróna
- 260 Gúmmí dúkur

Tanholsaðgerðir

- 301 Kvikupækja
- 306 Formokresolmeðferð
- 308 Rótarendaörvun
- 310 Kvikunám, einn gangur
- 311 Kvikunám, tveir gangar
- 312 Kvikunám, þrjár eða fleiri gangar
- 315 Útvíkkun, einn gangur, sérstök heimsókn
- 316 Útvíkkun, tveir gangar, sérstök heimsókn
- 317 Útvíkkun, þrjár eða fleiri gangar, sérstök heimsókn
- 320 Rótfylling, einn gangur, sérstök heimsókn
- 321 Rótfylling, tveir gangar, sérstök heimsókn
- 322 Rótfylling, þrjár eða fleiri gangar, sérstök heimsókn
- 325 Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, einn gangur, sérstök heimsókn
- 326 Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, tveir gangar, sérstök heimsókn
- 327 Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, þrjár eða fleiri gangar

Úrdráttur, tannplantar og skurðaðgerðir

- 500 Hæg tönn eða rót dregin, hver tönn
- 501 Úrdráttur tannar eða rótar
- *510 Tönn fjarlægð með skurðaðgerð
- *524 Opnað inn á beinlæga tönn og tylla fest á hana
- 542 Aðgerð á tungu- eða vararhafti
- *557 Tannplanti settur í kjálkabein, fyrsti tannplanti
- *558 Tannplanti, hver viðbótar tannplanti í sömu aðgerð
- 570 **Vefur saumaður**
- 580 Skorið á kýli

Föst tanngervi og bitplötur

- *614 Gull- eða postulínskróna
- *680 Tannplantakróna
- 921 Gnístursplata, bithækkunarplata eða slökunargómur
- *922 Bithlíf eða bitspelka, hörð
- *990 Meðferð sem ekki er talin annars staðar

Skýringar

Við áhættuflokkun barna vegna gjaldliða 004, 115, 116 og 118 skal stuðst við eftirfarandi skilgreiningar starfshóps TFÍ um bættu tannheilsu barna og unglunga frá árinu 2010:

Flokkur 1. Mikil áhætta

3-4 ára börn

- $ds(1-6) \geq 1$ Einn eða fleiri fletir **framtanna með glerungs-/tannbeinsskemmd**
6-7 ára börn (6,7% barna)
- $ds(3-6) \geq 4$ Fjórir eða fleiri fletir barnatanna með skemmd inn í tannbein
- $DS(3-6) \geq 2$ Tveir eða fleiri fletir fullorðinstanna með skemmd inn í tannbein
12-13 ára börn (8,7% barna)
- $DS(3-6) \geq 4$ Fjórir eða fleiri fletir sex ára jaxla með skemmd inn í tannbein
- $DS(3-6) \geq 1$ Einn eða fleiri fletir framtanna með skemmd inn í tannbein
- Rótfyllt tönn vegna tannátu
15-16 ára börn (9,8% barna)
- $DS(3-6) \geq 8$ Átta eða fleiri fletir forjaxla/jaxla með skemmd inn í tannbein
- $DS(3-6) \geq 2$ Tveir eða fleiri fletir framtanna með skemmd inn í tannbein
- Rótfyllt tönn vegna tannátu

Flokkur 2. Miðlungs áhætta

6-7 ára börn (24,9% barna)

- $ds(1-6) \geq 4$ Fjórir eða fleiri fletir **barnatanna** með **glerungs-/tannbeinsskemmd**
- $DS(1-6) \geq 2$ Tveir eða fleiri fletir fullorðinstanna með **glerungs-/tannbeinsskemmd**

12-13 ára börn (36,3% barna)

- $DS(1-6) \geq 4$ Fjórir eða fleiri fletir sex ára jaxla með **glerungs-/tannbeinsskemmd**
- $DS(1-2) \geq 1$ Einn eða fleiri fletir framtanna með **glerungsskemmd**

15-16 ára börn (42,2% barna)

- $DS(1-6) \geq 8$ Átta eða fleiri fletir forjaxla/jaxla með **glerungs-/tannbeinsskemmd**
- $DS(1-6) \geq 2$ Tveir eða fleiri fletir framtanna með **glerungs-/tannbeinsskemmd**

Stjórnumerkir gjaldliðir endurgreiðast aðeins að undangenginni samþykkt SÍ á umsókn.

Forvarnir og eftirlit

001 – Viðtal

Lýsing: Sjúklingur kemur í viðtal til tannlæknis. Farið yfir óskir og væntingar viðkomandi, almenn heilsufarssaga og ástand munnhols rædd. Meðferðarmöguleikar ræddir.

Endurgreiðslureglur: Verkið er almennt innifalið í öðrum verkum og greiðist þá ekki af SÍ. Endurgreiðist mest einu sinni í hverri heimsókn, þegar sjúklingur kemur eingöngu í viðtal um tannvanda sinn eða, í undantekningartilvikum, þegar sjúklingur þarf á óvenju miklum tíma í leiðbeiningar að halda umfram vinnu sem gjaldfærð er eftir öðrum gjaldliðum sem SÍ greiða.

002 – Bráðahjálp

Lýsing: Heimsókn sjúklings vegna bráðatilviks. Greining orsakavalds og ákvörðun um frekari meðferð.

Endurgreiðslureglur: Greiðist mest þrisvar sinnum í sömu heimsókn, vegna meðferðar sjúklings sem þarf á hjálpi að halda vegna slyss eða þegar tannlæknir notar óvenju mikinn tíma til að sinna bráðum vanda, umfram klíníska vinnu sem gjaldfærð er eftir öðrum gjaldliðum sem SÍ greiða.

003 – Skoðun nýs sjúklings

Lýsing: Nákvæm sjúkrasaga og ástand munnhols (status presens) greint og skráð hjá sjúklingi sem viðkomandi tannlæknir hefur ekki tekið á móti áður **eða síðastliðin fjögur ár.**

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling tannlæknis.

004 – Áfangaeftirlit

Lýsing: Skráður sjúklingur kemur í reglubundið eftirlit. Við áfangaskoðun er fylgst með framvindu tannheilsu sjúklings og meðferðarþörf hans metin og skráð og flokkun í áhættuhóp endurmetin.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest tvisvar á **12 mánaða tímabili** fyrir börn í **áhættuflokkum 1 og 2** en mest einu sinni á **12 mánaða tímabili** fyrir önnur börn.

005 – Tilvísun

Lýsing: Tilvísun á tannlækni, lækni eða annan heilbrigðisstarfsmann.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni í hvert skipti sem vísa þarf sjúklingi á annan viðurkenndan heilbrigðisstarfsmann.

*006 – Umsókn eða áverkavottorð til SÍ

Lýsing: Umsóknir til Sjúkratrygginga Íslands vegna tannlækninga.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins ef umsókn er samþykkt af SÍ eða vottorð er vegna slyss sem SÍ eiga að bæta samkvæmt reglum um tannlækningar. Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja umsókn eða hvert áverkavottorð.

*007 – Skrifleg meðferðar- og kostnaðaráætlun að ósk SÍ

Lýsing: Skrifleg meðferðar- og kostnaðaráætlun, að ósk Sjúkratrygginga Íslands.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins hafi SÍ óskað sérstaklega eftir greinargerð um flókinn tannvanda tryggðs sjúklings. Endurgreiðist ekki vegna stuttra skýringa sem SÍ kann að óska eftir vegna reikningsfærslna tannlæknis eða ófullnægjandi upplýsinga í umsókn sjúklings.

011 – Tannrótarmynd (periapical röntgenmynd)

Lýsing: Röntgenmynd, tannrótarmynd. Aðgerðin felur í sér röntgenmynd á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest þrisvar sinnum á **12 mánaða tímabili**. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki. Tannrótarmyndir við upphaf og lok meðferðar eru innifaldar í öllum aðgerðaliðum 301 til 327, sem og við upphaf aðgerðaliða 500, 510, 557 og 558 og endurgreiðast ekki samhliða þeim.

012 – Bitmynd (bitewing)

Lýsing: Mynd af aftari tannkrónum annarrar hliðar beggja tannboga. Aðgerðin felur í sér röntgenmynd á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest tvisvar sinnum á **12 mánaða tímabili**. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki.

018 – Breiðmynd (orthopantomogram)

Lýsing: Aðgerðin felur í sér yfirlitsmynd af kjálkabeinum, stöðu og fjölda tanna og tannkíma, á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni á **12 mánaða tímabili** fyrir hvern sjúkling. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki sérstaklega.

024 – Ljósmynd

Lýsing: Ljósmynd tekin á filmu eða stafrænu form til greiningar og staðfestingar ástands á hinum ýmsu stigum meðferðar.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist þegar ljósmynd er nauðsynleg til greiningar eða skráningar á vanda sjúklings. Myndir skal auðkenna með nafni og kennitölu sjúklings ásamt tókudegi og varðveita varanlega. Greining, úrvinnsla og varanleg varðveisla greiðist ekki sérstaklega né heldur eftirtaka og fjölföldun.

***025 – Vinnumódel**

Lýsing: Aðgerðin felur í sér mátskeið og máttöku fyrir afsteypu. Tannsmíðakostnaður innifalinn.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins í undantekningartilvikum þar sem flókin greining og meðferðaráætlun krefst afsteypa af tönnum og mest einu sinni fyrir hvorn góm.

030 – Yfirborðsdeyfing

Lýsing: Yfirborðsdeyfiefni sett á svæði, sem deyfa skal með ísíunar- eða svæðisdeyfingu.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins einu sinni í hverri heimsókn fyrir hvern munnfjórðung sem deyfa skal skv. gjaldliðum 031 eða 032, enda fari það með öðrum verkum sem SÍ endurgreiðir. Endurgreiðist ekki samhliða gjaldliðum 301 – 680 þar sem verkið er innifalið.

031 – Ísíunardeyfing við 1-3 tennur

Lýsing: Ísíunardeyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn og aðeins með viðgerð tannar sem SÍ endurgreiðir. Endurgreiðist ekki samhliða aðgerðaliðum 301 til 680 þar sem verkið er innifalið.

032 – Svæðisdeyfing

Lýsing: Svæði stofntaugar leiðsludeyft.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn og aðeins með viðgerð tannar sem SÍ endurgreiðir. Endurgreiðist ekki samhliða aðgerðaliðum 301 til 680 þar sem verkið er innifalið.

035 – Glaðloft

Lýsing: Slæving eða sefun sjúklings með hjálp glaðlofts (N₂O) fyrir meðferð.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins einu sinni í hverri heimsókn og mest fjórum sinnum alls á **12 mánaða tímabili**.

040 – Aðlögunarmedferð

Lýsing: Fortölur sjúklinga með tannlæknaþælni.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins einu sinni í hverri heimsókn og mest þrisvar á 12 mánaða tímabili.

052 – Vefjasýni og aðrar rannsóknir

Lýsing: Vefjasýni tekið í sjálfstæðri aðgerð og sent til rannsóknar. Kostnaður rannsóknarstofu ekki innifalinn.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja aðgerð.

060 – Vitjun til sjúklings utan tannlæknastofu

Lýsing: Óferðafærs sjúklings vitjað heima eða á stofnun.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins einu sinni í hverri vitjun.

101 –Fræðsla, leiðbeiningar

Lýsing: Sjúklingur fræddur um ástand munnhols t.d. með hjálp ljósmynda, röntgenmynda, afsteypa af tönnum o.þ.h. Sjúklingi leiðbeint um tannhirðu, mataræði og val og notkun tannhreinsitækja.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili.

107 – Lyfjahald, hvor gómur

Lýsing: Þunnri plastglæru, gerðri á afsteypu af tönnum sjúklings, komið fyrir í munn til að halda lyfi að tönnum eða slímhúð. Aðgerðin felur í sér máttöku, tannsmíði, mátun, aðlögun og lokafrágang.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist ekki ef minna en tvö ár eru liðin frá því að SÍ endurgreiddu verkið fyrir sama góm. Skráist á viðkomandi svæði, 01 eða 02.

110 – Flúormeðferð allra barna

Lýsing: Allar tennur hreinsaðar og flúor borinn á þær í forvarnar- og meðferðarskyni.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins einu sinni á 12 mánaða tímabili.

118 – Flúormeðferð barns í áhættuflokkum 1 eða 2

Lýsing: Allar tennur hreinsaðar og flúor borinn á þær í forvarnar- og meðferðarskyni.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins fyrir börn í áhættuflokkum 1 og 2 og mest einu sinni á 12 mánaða tímabili, enda hafi aðgerðarliður 110 áður verið greiddur á síðustu 12 mánuðum.

115 – Skorufylla fullorðinsjaxls

Lýsing: Skora í tyggifleti fyllt í forvarnarskyni. Aðgerðin felur í sér hreinsun yfirborðs, sýruætingu og fyllingu skoru með plastblendi, ljósherslu og frágang eftir þörfum.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist fyrir börn í áhættuflokkum 1 og 2 og í algjörum undantekningartilvikum fyrir önnur börn með sérstaklega djúpt skorukerfi í fullorðinsjoxlum. Endurgreiðist ekki samhliða fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling eða skorufylla hefur áður verið greidd af SÍ í sama flöt tannar.

116 – Skorufylla annarra fullorðinstanna hjá barni í áhættuflokkum 1 eða 2

Lýsing: Skora í tyggifleti eða pyttur í hliðarfleti fylltur í forvarnarskyni. Aðgerðin felur í sér hreinsun yfirborðs, sýruætingu og fyllingu skoru með plastblendi, ljósherslu og frágang eftir þörfum.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins fyrir börn í áhættuflokkum 1 og 2. Endurgreiðist ekki samhliða fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling eða skorufylla hefur áður verið greidd af SÍ í sama flöt tannar.

Tannfyllingar

Endurgreiðslureglur, almennt:

Þar sem ekki er annars getið gilda eftirfarandi endurgreiðslureglur vegna tannfyllinga: Endurgreiðsla SÍ miðast við að í verði tannfyllinga sé innifalinn tannskurður, botnlag, sýruæting, bindiefni, ísetning, mótun, (ljós)hersla og lokafrágangur. Fylling endurgreiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að SÍ endurgreiddu fyllingu eða skorufyllu í sama flöt tannar. Bráðabirgðafrágangur á milli heimsókna er almennt innifalinn eftir þörfum. Fyllingu skal skrá á númer tannar og flöt eða fleti skv. ISO-staðli 3950. Þótt fylling teygi sig af M-, O- eða D-fleti yfir á tungu- eða kinnarflöt tannar teljast síðarnefndu fletirnir ekki sem sérstakir fletir fyllingarinnar og SÍ endurgreiða ekki fyrir slíka „tungu“ á fyllingu sem sérstaka fyllingu. Fyllingar í hliðarflötum framtanna greiðast sem eins flata fyllingar enda þótt tannskurður sé gerður frá varar- eða tunguhlið tannar. Fyllingar í I eða O flöt framtanna endurgreiðast **einungis sem eins flatar fyllingar**.

201 – Plast- eða glerblendi, I, III, IV eða V cl.

Lýsing: Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu, ljósherslu og frágang.

212 – Plast- eða glerblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., tveir fletir

Lýsing: Ísetning plast- glerblendis í bitflöt og einn hliðarflöt forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu, ljósherslu og frágang.

213 – Plast- eða glerblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., þrír fletir

Lýsing: Ísetning plast- glerblendis í bitflöt og tvo hliðarfleti forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu, ljósherslu og frágang.

214 – Plast- eða glerblendi í jaxl eða forjaxl, fleiri en þrír fletir

Lýsing: Ísetning plast- glerblendis í fjóra eða fleiri fleti í forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu, ljósherslu og frágang.

231 – Silfurblendi, I eða V cl.

Lýsing: Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

232 – Silfurblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., tveir fletir

Lýsing: Ísetning silfurblendis í bitflöt og einn hliðarflöt forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

233 – Silfurblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., þrír fletir

Lýsing: Ísetning silfurblendis í bitflöt og tvo hliðarfleti forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

235 – Silfurblendi í jaxl eða forjaxl, fleiri en þrjú fletir

Lýsing: Ísetning silfurblendis í fjóra eða fleiri fleti í forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

245 – Bráðabirgðafylling

Lýsing: Aðgerðin felur í sér hreinsun yfirborðs tannar og ísetningu og mótun bráðabirgðafyllingar.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins í undantekningartilvikum þegar ekki er hægt að setja varanlega fyllingu í tönn í sömu setu vegna umfangs tannátu eða atferlis sjúklings.

250 – Rýmishaldari

Lýsing: Aðgerðin felur í sér máttöku og framleiðslu rýmishaldara, ef með þarf, aðlögun hans, sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu með plastblendi.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins þegar um ótímabært tap barnatannar er að ræða og veruleg hættu er á alvarlegri riðlun á biti vegna þess. Endurgreiðist ekki eftir 5 ára aldur sjúklings vegna fram- og augntanna og 8 ára aldur vegna barnajaxla nema að undangenginni samþykkt á umsókn. Verkið skal skrá á númer þeirrar tannar sem tapast hefur.

***251 – Spelkun tanna**

Lýsing: Lausar tennur festar saman. Aðgerðin felur í sér hreinsun yfirborðs tanna, sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum, spelkun með plastblendi og styrkingu með málm- eða glerfasaþráðum.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hvern sjöttung munns.

257 – Tannbeinstifti (parapúlpapinni)

Lýsing: Stifti sett í tannbein utan tannhols til að auka festu fyrir fyllingu sem mótuð er í munni. Stifti skal vera úr gullblöndu eða titani.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest þrisvar sinnum fyrir hverja tönn.

258 – Stöðluð plast- eða stálkróna

Lýsing: Aðgerðin felur í sér plast- eða stálkrónu, tannskurð, mótun krónunnar, aðlögun brúna og bitsnertinga og límingu.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

260 – Gúmmídúkur

Lýsing: Gúmmídúkur settur til að einangra 1-4 tennur.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hvern munnfjórðung í sömu heimsókn enda endurgreiði SÍ viðgerð tanna/r.

Tannholsaðgerðir

Endurgreiðslureglur, almennt:

Endurgreiðsla miðast við að í verði verks séu innifaldar röntgenmyndir, deyfing, gúmmídúkur og bráðabirgðafylling á milli heimsókna. Varðveita skal röntgenmyndir af

tönn fyrir og eftir meðferð með gjaldliðum 308 til 327. Verk skal skrá á númer þeirrar tannar sem unnið er við hverju sinni.

301 – Kvikubekja

Lýsing: Kvika eða tannbein nærri kviku þakið með kvikukremi (Ca(OH)_2 , MTA eða viðlíka).

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist hvorki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn né ef SÍ hafa áður greitt eitthvert verka kaflans fyrir sömu tönn.

306 – Formokresolmeðferð

Lýsing: Hnoðri vættur í formokresolvökva og borinn að kvikusárinu og það fixerað (einþrepa), eða látinn liggja á sárinu til næstu heimsóknar (tvíþrepa).

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist hvorki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn né ef SÍ hafa áður greitt eitthvert verka kaflans, annað er 301, fyrir sömu tönn.

308 – Rótarendaörvun

Lýsing: Rótarendi rótopinnar tannar er örvaður til að lokast með efnum (t.d. Ca(OH)_2 eða þrísýklalyfjakremi). Rótarholið er skolað og fyllt með efninu.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins fyrir tennur sem ekki hafa lokið rôtarmyndun og mest þrisvar sinnum fyrir hverja tönn. Endurgreiðist ekki ef verkið hefur áður verið endurgreitt af SÍ innan átta vikna eða ef SÍ hafa áður greitt eitthvert annað verka kaflans.

310 – Kvikunám, einn gangur

Lýsing: Tannkvika eða dauður vefur fjarlægður úr rótarholi og gangi. Gangur víkkaður út, skolaður og fylltur til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2).

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist ekki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

311 – Kvikunám, tveir gangar

Lýsing: Tannkvika eða dauður vefur fjarlægður úr rótarholi og tveimur göngum sömu tannar. Gangar víkkaðir út, skolaðir og fylltir til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2).

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist ekki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

312 – Kvikunám, þrír eða fleiri gangar

Lýsing: Tannkvika eða dauður vefur fjarlægður úr rótarholi og þremur eða fleiri göngum sömu tannar. Gangar víkkaðir út, skolaðir og fylltir til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2).

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist ekki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

315 – Útvíkkun, einn gangur, sérstök heimsókn

Lýsing: Gangur víkkaður frekar út, skolaður og fylltur aftur til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn. Endurgreiðist ekki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

316 – Útvíkkun, tveir gangar, sérstök heimsókn

Lýsing: Tveir gangar sömu tannar víkkaðir frekar út, skolaðir og fylltir aftur til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn. Endurgreiðist ekki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

317 – Útvíkkun, þrjár eða fleiri gangar, sérstök heimsókn

Lýsing: Þrjár eða fleiri gangar sömu tannar víkkaðir frekar út, skolaðir og fylltir aftur til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn. Endurgreiðist ekki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

320 – Rótfylling, einn gangur, sérstök heimsókn

Lýsing: Einn rótargangur fylltur með varanlegu rótfyllingarefni.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist ekki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef SÍ hafa áður endurgreitt rótfyllingu tannar.

321 – Rótfylling, tveir gangar, sérstök heimsókn

Lýsing: Tveir rótargangar sömu tannar fylltir með varanlegu rótfyllingarefni.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist ekki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef SÍ hafa áður endurgreitt rótfyllingu tannar.

322 – Rótfylling, þrjár eða fleiri gangar, sérstök heimsókn

Lýsing: Þrjár eða fleiri rótargangar sömu tannar fylltir með varanlegu rótfyllingarefni.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist ekki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef SÍ hafa áður endurgreitt rótfyllingu tannar.

325 – Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, einn gangur, sérstök heimsókn

Lýsing: Kvikunám, útvíkkun og varanleg rótargangafylling sett í einn gang í einni heimsókn.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist hvorki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn né ef SÍ hafa áður greitt eitthvert verka kaflans fyrir sömu tönn.

326 – Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, tveir gangar, sérstök heimsókn

Lýsing: Kvikunám, útvíkkun og varanleg rótargangafylling sett í tvo ganga sömu tannar í einni heimsókn.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist hvorki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn né ef SÍ hafa áður greitt eitthvert verka kaflans fyrir sömu tönn.

327 – Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, þrjár eða fleiri gangar, sérstök heimsókn

Lýsing: Kvikunám, útvíkkun og varanleg rótargangafylling sett í þrjá eða fleiri ganga sömu tannar í einni heimsókn.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Endurgreiðist hvorki með öðrum verkum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn né ef SÍ hafa áður greitt eitthvert verka kaflans fyrir sömu tönn.

Úrdráttur, tannplantar og skurðaðgerðir

Endurgreiðslureglur, almennt:

Endurgreiðsla miðast við að í verði verks sé innifalin deyfing, saumur, sáraumbúðir, saumataka og viðeigandi eftirmeðferð auk aðkeyþtra íhluta svo sem tannplanta og fylgihluta þeirra sem og einnota áhöld og íhlutir vegna tannplantaaðgerða. Verk skal skrá á númer þeirra tanna eða svæða sem við á hverju sinni.

500 – Hæg tönn eða rót dregin, hver tönn

Lýsing: Úrdráttur tannar eða ratar með verulega skerta beinfestu.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn, óháð fjölda róta.

501 –Úrdráttur tannar eða ratar

Lýsing: Úrdráttur tannar eða ratar með fulla beinfestu.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn, óháð fjölda róta.

***510** – Tönn fjarlægð með skurðaðgerð

Lýsing: Tönn sem liggur að öllu eða langmestu leyti í beini fjarlægð. Aðgerðin felur í sér að lyfta slímhúðarflipa, gera beinskurð, hluta tönnina sundur eftir atvikum og fjarlægja. Mjúkvefur lagður til baka og saumaður.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

***524** – Opnað inn á beinlæga tönn og tylla fest á hana

Lýsing: Opnað inn á beinlæga tönn til að toga hana á réttan stað í tannboganum. Aðgerðin felur í sér að slímhúðarflipa er lyft, bein fjarlægt til að komast að tönninni, tylla límd á tönnina, gengið frá keðju, mjúkvefur lagður til baka og saumaður.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

542 – Aðgerð á tungu- eða vararhafti

Lýsing: Tungu- eða vararhaft fjarlægt með skurðaðgerð eða rafskurði.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hvern einstakling.

***557** – Tannplanti settur í kjálkabein, fyrsti tannplanti

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að slímhúðarflipa er lyft, bein skorið og tannplanta komið fyrir. Lokskrúfa eða græðslukragi settur og mjúkvefur saumaður að eða yfir tannplantann.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

***558** – Tannplanti settur í kjálkabein, hver viðbótartannplanti í sömu aðgerð

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að slímhúðarflipa er lyft, bein skorið og tannplanta komið fyrir. Lokskrúfa eða græðslukragi settur og mjúkvefur saumaður að eða yfir tannplantann.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

570 – Vefur saumaður

Lýsing: Sár á mjúkvef saumað.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns sbr. Þó almennar skýringar með kaflanum úrdráttur tanna, tannplantar og skurðagerðir.

580 – Skorið á kýli

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að skera á kýli tengt munnholi til að hleypa út grefri.

Föst tanngervi og bitplötur

Endurgreiðslureglur, almennt:

Endurgreiðsla miðast við að í verði verks sé innifalin öll klínísk vinna, efni, íhlutir og tannsmíðakostnaður. Verk skal skrá á númer þeirra tanna sem við á hverju sinni.

***614 – Gull- eða postulínskróna**

Lýsing: Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku, mátun og límingu.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

***680 – Tannplantakróna**

Lýsing: Aðgerðin felur í sér mátskeið, máttöku, ísetningu abutments, mátun kópings, tanngervis og límingu.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn og þá aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

921 – Gnístursplata, bithækkunarplata, slökunargómur

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að hörðum bitgómi, sem þekur hluta tannbogans (oftast framtennur efri kjálka), er komið fyrir í munnnum tímabundið með það fyrir augum að slaka á bitvöðvum eða til þess að vinna bug á djúpu bit. Tannsmíðakostnaður er innifalinn.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að SÍ endurgreiddu gjaldlið 921 í sama góm sjúkling.

***922 – Bithlíf eða bitspelka, hörð**

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að harðri plasthlíf, sem þekur tyggingarfleti tanna í efri eða neðri kjálka, er komið fyrir til verndar tyggingarfærum eða til að losa tyggingarvöðva undan áhrifum þéttasta bits.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Endurgreiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að SÍ endurgreiddu gjaldlið 921 í sama góm.

***990 – Meðferð sem ekki er talin annars staðar**

Lýsing: Meðferð, sem skal að mati SÍ endurgreidd í anda 2. ml. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 112/2008 og III. kafla reglugerðar nr. 698/2010 og ekki er talin annars staðar í þessari aðgerðaskrá.

Endurgreiðslureglur: Endurgreiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Ef umsókn er samþykkt meta SÍ viðmiðunarfjárhæð fyrir meðferðina að fengnum tillögum frá tannlækni og að teknu tilliti til gjaldskrár hans að öðru leyti. Endurgreiðsla SÍ reiknast út frá því viðmiðunarverði en tannlækni er heimilt að krefja barn um greiðslu miðað við fullt verð sitt.

Umsókn tannlæknis um aðild að samningi um tannlækningar barna milli Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna og tilkynning um verð eða verðbreytingar.



Sjúkratryggingar Íslands
Laugavegi 114
150 Reykjavík

Nafn tannlæknis:	Kennitala:
Sérgrein:	Læknisnúmer:
Stofuaðsetur:	Póstnúmer:
Tölvupóstfang:	
Nafn fyrirtækis, ef annað en nafn tannlæknis:	Kennitala:

Verðskrá vegna tannlækninga sjúkratryggðra barna byggð á aðgerðaskrá skv. rammasamningi.

Nauðsynlegt er að tilgreina verð á öllum liðum sem ekki eru stjórnumerktir svo og á þeim stjórnumerktu liðum sem tannlæknir hyggst nota í starfsemi sinni. (Stjórnumerktir liðir greiðast aðeins að undangenginni samþykkt SÍ á umsókn).

Verð (kr.) Nr. Heiti

Forvarnir og eftirlit.

_____	001	Viðtal
_____	002	Bráðahjálp
_____	003	Skoðun nýs sjúklings
_____	004	Áfangaeftirlit
_____	005	Tilvísun
_____	*006	Umsókn eða áverkavottorð til SÍ
_____	*007	Skrifleg meðferðar- og kostnaðaráætlun að ósk SÍ
_____	011	Tannrótarmynd
_____	012	Bitmynd
_____	018	Breiðmynd (OPG)

_____	024	Ljósmynd
_____	*025	Vinumódel
_____	030	Yfirborðsdeyfing
_____	031	Ísúnardeyfing við 1-3 tennur
_____	032	Svæðisdeyfing
_____	035	Glaðloft og sefun með lyfjagjöf
_____	040	Aðlögunarmeðferð
_____	052	Vefjasýni og aðrar rannsóknir
_____	060	Vitjun til sjúklings utan tannlæknastofu
_____	101	Fræðsla, leiðbeiningar
_____	107	Lyfjahald
_____	110	Flúormeðferð allra barna
_____	118	Flúormeðferð barns í áhættuflokki 1 eða 2
_____	115	Skorufylla fullorðinsjaxls
_____	116	Skorufylla annarra fullorðinstanna hjá barni í áhættuflokki 1 eða 2

Tannfyllingar

_____	201	Plast- eða glerblendi, I, III, IV eða V cl.
_____	212	Plast- eða glerblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., tveir fletir
_____	213	Plast- eða glerblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., þrír fletir
_____	214	Plast- eða glerblendi í jaxl eða forjaxl, fleiri en þrír fletir
_____	231	Silfurblendi, I eða V cl.
_____	232	Silfurblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., tveir fletir
_____	233	Silfurblendi í jaxl eða forjaxl, II cl., þrír fletir
_____	235	Silfurblendi í jaxl eða forjaxl, fleiri en þrír fletir
_____	245	Bráðabirgðafylling
_____	250	Rýmishaldari
_____	*251	Spelkun tanna
_____	257	Tannbeinsstifti
_____	258	Stöðluð plast- eða stálkróna
_____	260	Gúmmídúkur

Tannholsaðgerðir

_____	301	Kvikupekja
_____	306	Formokresolmeðferð
_____	308	Rótarendaörvun
_____	310	Kvikunám, einn gangur
_____	311	Kvikunám, tveir gangar
_____	312	Kvikunám, þrjú eða fleiri gangar
_____	315	Útvíkkun, einn gangur, sérstök heimsókn
_____	316	Útvíkkun, tveir gangar, sérstök heimsókn
_____	317	Útvíkkun, þrjú eða fleiri gangar, sérstök heimsókn
_____	320	Rótfylling, einn gangur, sérstök heimsókn
_____	321	Rótfylling, tveir gangar, sérstök heimsókn
_____	322	Rótfylling, þrjú eða fleiri gangar, sérstök heimsókn
_____	325	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, einn gangur, sérstök heimsókn
_____	326	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, tveir gangar, sérstök heimsókn
_____	327	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, þrjú eða fleiri gangar

Úrdráttur, tannplantar og skurðaðgerðir

_____	500	Hæg tönn eða rót dregin, hver tönn
_____	501	Úrdráttur tannar eða rótar
_____	*510	Tönn fjarlægð með skurðaðgerð
_____	*524	Opnað inn á beinlæga tönn og tylla fest á hana
_____	542	Aðgerð á tungu- eða vararhafti
_____	*557	Tannplanti settur í kjálkabein, fyrsti tannplanti
_____	*558	Tannplanti, hver viðbótar tannplanti í sömu aðgerð
_____	570	Vefur saumaður
_____	580	Skorið á kýli

Föst tanngervi og bitplötur

_____	*614	Gull- eða postulínskróna
-------	------	--------------------------

_____	*680	Tannplantakróna
_____	921	Gnístursplata, bithækkunarplata eða slökunargómur
_____	*922	Bithlíf eða bitspelka, hörð
_____	*990	Meðferð sem ekki er talin annars staðar

Merkja ber í viðeigandi reit eftir því hvort um er að ræða aðildarumsókn eða tilkynningu um verðbreytingar:

Á grundvelli ofangreindrar verðlagningar óska ég undirrituð/-aður eftir aðild að samningi Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um almennar tannlækningar sjúkratryggðra barna, með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja og ég hef kynnt mér og samþykkt.

Ofangreind verðlagning er breyting á áður samþykktum aðildarskilmálum undirritaðrar/-aðs, sbr. samning Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um almennar tannlækningar sjúkratryggðra barna, og er þess óskað að breytingin taki gildi í samræmi við 14. gr. samningsins.

Dags.

Undirskrift tannlæknis